

**ÁLIT FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU**

**Nr. 03/2006**

**um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1702/2003 um framkvæmdareglur varðandi lofthæfi og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar og framleiðslufyrirtækja**

## I. Almennt

1. Tilgangur þessa álits er að leggja til við framkvæmdastjórnina að gera breytingu á viðauka (hluta 21) við reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1702/2003<sup>1</sup>. Ástæðurnar fyrir þessari reglugerðarsetningu eru útlitaðar hér neðar.
2. Álitið hefur verið tekið upp í kjölfar þeirra starfsreglna sem stjórn stofnunarinnar tilgreinir<sup>2</sup>, í samræmi við ákvæði 14. greinar reglugerðar (EB) nr. 1592/2002<sup>3</sup>.

## II. Ráðgjöf

3. Uppkastið að áliti um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1702/2003 var birt (tilkynning um áformaðar umbætur (NPA) 12/2004) á vefsíðu stofnunarinnar þann 10.11.2004.
4. Við lokunardagsetningu þann 10.02.2004, höfðu stofnuninni borist 29 athugasemdir frá stjórnvöldum 9 landa, fagstofnunum og einkafyrirtækjum.
5. Allar mótteknar athugasemdir hafa verið staðfestar og felldar inn í Svarskjal athugasemda (CRD), sem birt var á vefsíðu stofnunarinnar þann 26.04. 2006. Nokkrar athugasemdanna hafa leitt til breytinga á fyrirhuguðum umbótum og endurspeglast þær í svarskjalinu.

## III. Efni álits stofnunarinnar

6. Á fyrsta viðræðufundi um uppkast að Hluta 21 og ásættanlegar leiðir til fylgni og leiðbeiningarefni um Hluta 21, voru ekki nægur tími og ráð til að skoða allar athugasemdir. Því var svörum við sumum athugasemdanna, þegar þær voru ekki taldar eins aðkallandi, frestað til síðari skoðunar. Til viðbótar virtust á fyrsta ári útfærslu Hluta 21 og ásættanlegra leiða til fylgni við og leiðbeiningarefnis um hann, vera nokkrar villur og ósamræmi í textanum. Þetta álit inniheldur tillögur að umfjöllun um öll þessi atriði.
7. Eins og krafist er, *meðal annars*, með ákvæðinu í 21.B230(b) af Hluta 21 hefur stofnunin tilgreind með Ákvörðun nr. 2005/05/R snið tilvísunarnúmers fyrir stofnunar samþykktir sem stofnunin og flugmálayfirvöld hvers lands gefa út. Viðeigandi kröfur, eyðublöð og ásættanlegar leiðir til fylgni verða að endurspeglar þessa stefnu. Þetta álit leggur til nauðsynlegar breytingar á Hluta 21.
8. Ein tillagan í upprunalegu tilkynningunni um áformaðar umbætur var að breyta fyrirsögn á eyðublaði 15a, Lofthæfiskoðunarskírteini með því að setja „aðildarríki Evrópusambandsins“ í stað „aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu“.

<sup>1</sup> OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6.

<sup>2</sup> Ákvörðun stjórnar varðandi starfsreglur sem stofnunin beitir við útgáfu álita, vottunarforskrifta og leiðbeiningarefnis. EASA MB/7/03 þann 27.06.2003 (starfsreglur við reglugerðarsetningu).

<sup>3</sup> OJ L 240, 07.09.02, bls. 1.

Þrátt fyrir að engar athugasemdir hafi borist vegna þessarar tillögu hefur stofnunin ákveðið að draga hana til baka. Upprunalega réttlætingin fyrir tillögunni var að núverandi texti gæti verið ruglandi. Hins vegar hefur stofnunin komist að því að nýi textinn gæti verið eins ruglandi, ef tekið er með í reikninginn að nokkur ríki utan ESB hafa gengið til liðs við EASA og nota einnig þetta eyðublað. Ennfremur er sama orðasambandið notað í nokkrum öðrum eyðublöðum EASA. Þar af leiðandi telur stofnunin að núverandi texti sé ásættanlegur þar til nýr, sjálfum sér samkvæmur texti verður innleiddur fyrir öll eyðublöð EASA.

Cologne, 7. nóvember 2006

P. GOUDOU  
Framkvæmdastjóri